

Samtök ferðapjónustunnar

Borgartún 35
105 Reykjavík
Sími: 511 8000
Símbref: 511 8008
www.saf.is
Netfang: info@saf.is

Alþingi
Erindi nr. P 135/442
komudagur 26.11.2007



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 20. nóvember 2007

Efni: Tillaga til þingsályktunar um heilsársveg yfir Kjöl

Samtök ferðapjónustunnar senda hjálagt ályktun sem stjórn samtakanna sendi frá sér 25.febrúar s.l. vegna tillagna sem þá höfðu verið kynntar um uppbyggðan veg yfir Kjöl.

Virðingarfyllt
f.h. Samtaka ferðapjónustunnar


Erna Hauksdóttir

25. febrúar 2007

Ályktun Samtaka ferðaþjónustunnar um uppbyggðan veg yfir Kjöl

Stjórn Samtaka ferðaþjónustunnar leggst gegn þeim tillögum sem kynntar hafa verið um uppbyggðan veg yfir Kjöl. Ástæður þess eru eftirfarandi.

- Samkvæmt tillögunum verður lagður nýr vegur yfir ósnortið land í stað þess að nýta núverandi vegastæði. Megintilgangur þess er að fá nægjanlega hagkvæmni fyrir vöruflutninga. Vegurinn mynd skera í sundur allar helstu göngu og reiðleiðir norðan Hofsjökuls.
- Verið er að vinna að nauðsynlegum endurbótum á núverandi Kjalvegi og mun hann verða með bundnu slitlagi samkvæmt gildandi samgönguáætlun. Sú veghönnun er frekar með þarfir ferðamanna í huga. Hagsmunir ferðaþjónustunnar lúta oftar en ekki að upplifun gesta á þeirri leið sem verið er að fara frekar en að um sé að ræða greiðustu leið milli tveggja staða. Því er mikilvægt að það sjónarmið sé haft með strax við frumhönnun.
- Með slíkum vegi má búast við talsverðri breytingu á þjónustu við ýmis svæði sem tengjast þjóðvegi 1 og þjónustutækifærum þeirra.
- Vegur af þeirri gerð sem hér er rætt um sviptir hálendið sérkennum sínum og þeirri öræfastemningu sem ferðamenn sækjast eftir. Hálendi landsins hefur mikið gildi fyrir þjóðina og með því að leggja uppbyggða samgönguæð í gegnum eitt helsta hálendisvæðið er verið að spilla verulega þeirri upplifun sem menn sækjast eftir.

Samtökin vilja sérstaklega árétta að náíð samráð verði haft við þau þegar kemur að útfærslu vega sem tengjast eiga fjölsóttum ferðamannastöðum og einnig veltengingum á hálendi.